# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 70

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

~~STÝRIMANNASKÓLINN~~

Reykjavík 27 april 1911

Bref. 29/4 '11

Bg. 9

Eg leyfi mjer hjermeð að beiðast þess að bæjarstjórn Reykjavíkur leyfi mjer að byggja hlöðu áfasta við fjós mitt í Kringlumýri.

Hlaðan á að vera að stærð 12×10 vegghæð 7 álnir og 4ra álna ris.

Áformað er að láta hlöðuna standa fyrir vestan fjósið og hafa vesturvegg fjóssins, sem er úr steini, sameiginlegan fyrir það og hlöðuna, og lengja svo þann vegg suður eftir um c. 5¼ al. og hlaða þann veggpart og úr grjóti. Undir göflum hlöðunnar og vesturhlið hennar á að vera tveggja álna hár grjótveggur. Ofan á gaflana og vesturhliðina verður látin trégrind klædd með bárujárni, þakið á og að vera klætt með bárujárni.

Það skal tekið fram að í hlöðunni á og að hafa hesthús.

Uppdráttur fylgir bjefi þessu er sýnir afstöðu bygginganna, og hinnar fyrirhuguðu hlöðu, og fjarlægð þeirra frá læknum, sem rennur fyrir austan þær, og takmarkar erfðafestuland mitt, þeim megin.

238/ Bg. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brú, sem ég hefi lagt yfir lækinn, er og afmörkuð á uppdrættinum.

Virðingarfyllst
Páll Halldórsson

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður leyfi mér hér með að leita samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar, um að ég megi byggja hús á eignarlóð minni nr. 42 við Laugaveg. Áformað er að hús þetta verði gjört af steinsteypu. Stærðin er: 26 áln. lengd meðfram Laugavegi en breidd meðfram Frakkastíg, alls 21 al. með útbyggingu (álmu). Þar af er breidd aðalhússins 17 álnir. Skúr 6x7 álnir. Miðstöðvarhiti verður í húsinu. — Að öðru leiti vísast til uppdráttarins af umræddri byggingu, er ég læt fylgja bréfi þessu. —

Reykjavík, 26. april 1911.

Guðmundur Egilsson.

Til

byggingarnefndarinnar

í Reykjavík.

B. Rvk 239/1911 B I 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

182
26
442

7.5x4.5
375
300
3375

442
33.75
39.4
515.25

5.63x7
39.41

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg undirritaður mér að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd að veita mér leyfi til þess, að setja ris á þann hluta húss míns nr. 10 við Bókhlöðustíg, sem nú er með skúrþaki.

Uppdráttur sem sýnir þessa breytingu fylgir beiðninni.

Virðingarfylst.

Rvík 28 april 1911

Hjörtur Hjartarson

Til
Byggingarnefndarinnar í Rvík.

B. Rvk. 240/1911 By. 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkinnist hinni heiðruðu Byggingarnefnd að jeg hefi áformað að breita smiðahúsi mínu í íbúðarhús eftir því sem meðfylgandi uppdrættir sínir og vona jeg að ekkert sje því til fyrirstöðu,

Rvík 20/4 1911

Virðingarfyllst
Steingr. Guðmundsson

Til
Byggingarnefndarinnar. Rvík

B. Rvk. 28/4 1911 Bý 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður leyfi mér hérmeð að leita samþykkis hinnar háttvirtu bygginganefndar Reykjavíkur til þess, að eg mætti byggja mér geymsluskúr, að stærð 6 × 5 álnir á lóð minni, við húsið nr. 34 við Bergstaðastræti. —

Að öðru leiti skal eg vísa til meðfylgjandi uppdráttar. ——

Reykjavík 21. Febrúar 1911

Ágúst Eiríksson
Bergstaðastr. 35

Til bygginganefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 236/1911 B.T. 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911, laugard. 29. aprílm. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og þá tekin fyrir þessi mál:

1. Ágúst Eiríkssyni leyft að byggja skúr 6×5 álnir að stærð við bakhlið hússins nr. 34 við Bergstaðastræti.—
2. Steingrími Guðm.syni leyft að breyta í íbúðarhús smíðahúsi hans á lóðinni nr. 6 við Amtmannsstíg, samkv. uppdr. Ennfremur leyft að gjöra inngönguskúr 2×3 al. við suðurgafl hússins.—
3. Páli Halldórssyni leyft að byggja hlöðu og hesthús 12×10 álnir að stærð, áfast við fjósið á erfðafestulandi hans í Kringlumýri
4. Guðm. Egilss. trjesm. leyft að gjöra tvílyft hús úr steinsteypu á lóðinni nr. 42 við Laugaveg. Húsið er 26 al.×17 al. með álmu 7½ al.×4½ al. og skúr 7×5⅝ að stærð. Í húsinu verður miðstöðvarhitun (og vatnssalerni).—
5. Hirti Hjartarsyni leyft að gjöra þak með risi yfir þann hluta hússins nr. 10 við Bókhlöðustíg, sem nú er með skúrþaki.—
6. Út af beiðni Guðr. J. Jónsdóttur um breytingar á geymsluhúsi við Laugav. 33 og um byggingu skúrs, fól nefndin byggingarfulltrúanum að rannsaka hversu byggingunni nú er komið og gefa skýrslu um það. Komi það í ljós, að brotið hafi verið gegn ákvæðum byggingarsamþykktar, vill nefndin láta stöðva verkið og kæra brotið.

Allir af fundinum nema Rögnv. Ólafss. og Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur